

Góðir gestir.

Ég býð ykkur velkomin á þennan fund steinsteypufélagsins um fylliefni. Í gegnum árin hefur oft verið rætt um það meðal steypumanna að íslensku fylliefnin séu ekki góð. Þau séu með svo mikla holrýmd, úr ungu bergi, ófrostþolin, alkalívirk, og svo eru fylliefnaframleiðendur svo lélegir. En inn á milli heyrast aðrar raddir sem segja að við Íslendingar séum bara í ágætis málum því þó fylliefnin séu vissulega misjöfn að gæðum sé hægt að finna úrvalsefni á Íslandi. Efnin okkar eru almennt þung og sterk þrátt fyrir mikið holrými og við erum enn með náttúrleg fylliefni andstætt því sem er hjá mörgum öðrum þjóðum sem eru að baslast við að búa til steypuefni úr sprengdu grjóti sem verður aldrei eins gott og náttúrlega efnið. Það skemmir heldur ekki að hérna er oftast vitlaust veður sem gefur öllu efni þá bestu vinnslu sem hægt er að fá.

Fylliefnaframleiðendur á Íslandi hafa að undanförunni verið að glíma við ýmis verkefni. Fylliefnanámur eru að ganga til þurrðar, margir þeirra hafa þurft að fara í umhverfismat með námurnar sínar með ærnum kostnaði og kröfurnar fara sífellt vaxandi m.a. um CE merkingar. Um þetta ætlum við m.a. að fjalla hér í dag.